

FIMMTÍU SLÖKKVILIÐSMENN AÐ STARFI



Gunnar varaslökkviliðsstjóri, Erlingur Pálsson, yfirlögregluþjónn og Jón Sigurðsson slökkviliðsstjóri ræðast við á brunastað.



Frimann Helgason verkstjóri í Ísaga sést hér til vinstri á myndinni, ásamt Þorsteini Jóhannssyni, sem hélt til inni í súrstöðinni meðan eldur var mestur í gasstöðinni.

Eins og í loftárás —

Framhald af bls. 16.

Sigurbjörku Runólfsdóttur, hálf tíma síðar.

— Ég stóð úti á svölum og var að horfa á eldinn, allt í einu sá ég eitthvað stórt járnstykki koma fljúgandi á ofsa hraða í áttina að húsinu. Það kom voðalegt fát á mig. Ég hljóp inn og niður stigann, en um leið kallaði ég á mömmu og sagði henni að vara sig. Þegar ég kom út á tröppur heyrði ég vindgný fyrir framan mig og stórt glóandi járnstykki flaug fram hjá. Lenti það á girðingunni, braut upp úr henni, og kastaðist síðan um 6 m til baka, sagði Sigurbjörk og var hálf-miður sín.

Eins og eftir loftárás

RÉTT fyrir kl. 4 í nótt hittum við að máli Þóri verzlunarstjóra í Raftækjaverzlun Halldórs Ólafssonar. Verzlunin er staðsett á horni Njálsgötu og Rauðarárstígs og var því næst brunastaðnum.

— Nei, það verður sennilega ekki opið hjá okkur á morgun. Engin verzlun í nágrenninu hefur farið eins illa. Staðurinn lítur út eins og eftir loftárás. Allar rúður eru brotnar bæði á framhlíð og bakhlið hússins. Ég er ekki farinn að kanna skemmdirnar á vörum, en ég veit að það er ekki hægt að selja nokkuð stóran hluta þeirra sem fyrsta flokks vöru, sagði Þórir og hélt áfram að negla fyrir gluggana.

Orð Frímans verkstjóra

RÉTT fyrir klukkan fjögur í nótt gengu tveir menn að brunarústunum. Það voru þeir Frimann Helgason, verkstjóri og Þorsteinn Jóhannsson, sem staddur var í súrstöðinni, þegar

eldurinn gaus upp. Frimann verkstjóri hefur starfað hjá Ísaga í 34 ár og er því orðinn öllu kunnugur.

— Ég var nýkomin úr ferðalagi ofan úr sveit og var staddur vestur í bæ, þegar ég sá stóran reykmykk leggja upp hér á þessu svæði. Ok ég hingað í áttina og í fyrstu datt mér einna helst í hug að Skátaheimilið væri að brenna. Þegar ég sá að svo var ekki beygði ég inn Rauðarárstíginn. Sá ég þá hvar Ísaga var að brenna og þungur niður sprenginganna barst að eyrum mér. Það er erfitt að lýsa því fyrir verkstjóra, sem veit hvað getur skeð, þegar eldur brýzt út, hvernig honum líður, þegar hann getur búist við því að einhverjir af starfsmönnum fyrirtækisins hafi verið inni í húnu logandi húsi, sagði Frimann og virti fyrir sér bygginguna, sem hann hefur starfað í yfir 30 ár og nú var ein brunarúst.

— Hvað var í þeirri byggingu sem eldurinn kom upp í?

— Gasverksmiðjan var þar. Þar býst ég við að hafi ekki verið færri en 200 til 300 hlaðin gashylki og einnig voru hylki úti sem sprungu. Gastankurinn sprakk ekki, en gasið lak út.

— Telurðu ekki hættulegt að verksmiðjan skulj vera staðsett inni í miðjum bænum?

— Nærtækasta dæmið eru Norðurlöndin og þar er mér kunnugt um að verksmiðjur séu staðsettar inni í miðjum bæ. Hins vegar er mér kunnugt um það, að áhugi hefur verið hjá forráðamönnum fyrirtækisins um að flytja verksmiðjuna. Húsið sem brann var byggt 1910 og þá var það fyrir utan inn.

— Hvað hefði skeð ef eldurinn hefði komið í verksmiðjuna?

— Ég treysti mér ekki til þess að svara því, en það hefði getað

farið mjög illa. En svo heppilega vildi til að vindáttin stóð ekki að verksmiðjunni. Einnig tel ég að mikið hafi þurft að ske til þess að eldur hafi getað orðið magnaður í súrstöðinni, því að port er milli hússanna og einnig viðgerðarverkstæði. Þó er ekki hægt að segja annað en að við vorum heppnir að ekki varð meira úr þessu, fyrst svona fór.

Mesti eldsvoðinn

FRÉTTAMAÐUR Vísis hitti Jón Sigurðsson, slökkviliðsstjóra þar sem hann stjórnaði liði sínu fyrir framan Ísaga í nótt.

— Þetta er langversti eldur af þessu tagi sem við höfum átt við. Það var síðast á stríðsárunum þegar um verulegan eld var að ræða í sambandi við gas, en þessi eldsvoði er mun meiri, mér liggur við að segja miklu meiri, en þá var. Hér á staðnum starfa 50 slökkviliðsmenn og við erum hér með 7 bíla og tvær dælur. Vatn er hér nóg og góður þrýstingur er á því. Starf okkar beindist fyrst að því að verja gasstöðina frá súrstöðinni, og einna bezt virtist aðstaðan að norðan til slökkvistarfsins. Ég vil sérstaklega geta þess að öll stjórn lögreglunnar á staðnum er mjög góð og hefur það flýtt mikið fyrir slökkvistarf-inu.

Skátarnir

stóðu sig vel

FLESTIR af yfirmönnum lögreglunnar mættu á staðnum og hittu fréttamaður Vísis Erling Pálsson snöggvást að máli.

— Allt lögreglulið borgarinnar var boðað út. Strax og okkur barst tilkynningin um brunann héldu allir okkar talstöðva-bílar á vettvang og það leið ekki langur tími þar til mestur hluti liðsins var mættur. Það ber að geta þess sérstaklega að skátarnir hafa staðið sig mjög vel hér.



Sigurbjörk sést hér standa við gashylkið sem kom fljúgandi yfir hálfu Norðurmýrina og hafnaði að síðustu inni í garði á Vífilsstötu. Mikli lán réði því að Sigurbjörk varð ekki fyrir hylkinu.